



Kvenfélagið Freyja

(1934-?)

Kvenfélagið Freyja á Skógarströnd var stofnað 26. ágúst 1934. Stofnendur voru 15. Í stjórn voru kosnar Lára Jóelsdóttir á Bíldhóli formaður, Þórunn Magnúsdóttir á Keisbakka gjaldkeri og Valborg Emilsdóttir á Dröngum ritari.

Héraðsskjalasafn Dalasýslu

Engin gögn varðandi kvenfélagið Freyju á Skógarströnd er að finna á Héraðsskjalasafni Dalasýslu.

Einstaklingar sem hafa í fórum sínum skjöl, ljósmyndir eða muni tengda félaginu er bent á að hafa samband við héraðsskjalavörð til að koma þeim í örugga vörslu og veita aðgang að þeim.

Heimildir

Sigríður Thorlacius. 1981. Margar hlýjar hendur. Ágrip af sögu Kvenfélagssambands Íslands, héraðssambanda og félaga, sem það mynda. Útg. Kvenfélagasamband Íslands. Bls. 274.